

L Ö G

um

31

8. sept.

breyting á lögum nr. 40, 19. júní 1922, um atvinnu við siglingar.

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski, Lácnborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

20. gr. laga nr. 40, 19. júní 1922, orðist svo:

Skylt er skipverjum að sanna siglingatíma sinn með sjóferðabók, sem stjórnarráðið lætur semja, sbr. lög nr. 41, 19. maí 1930, og er hverjum skipverja skylt að fá bókina hjá lögskráningarstjóra, fyrsta sinn sem hann er lögskráður á íslenskt skip. Skal sjóferðabókin ávallt lögð fram við lögskráningu og þegar sanna á siglingatíma þann, sem um ræðir í 7., 10., 14. og 17. gr.

Í sjóferðabókinni skal skýrt frá fullu nafni skipverjans, fæðingardegri og fæðingarári, fæðingarstað (sýslu eða bæ), svo skal og þar vera stutt lýsing á útliti hans, vexti og sérkennum, ef einhver eru.

Í bókinni skal ennfremur skýrt frá stöðu skipverjans á skipinu, nafni, tegund og stærð skipsins, í hvaða ferðum það er og hvenær skipverjinn er skráður í skiprúmi og úr skiprúmi.

Skipstjóra ber að útfylla og undirskrifa sjóferðabækur skipverja. Skal sjóferðabók hvers skipverja stimpluð með embættisstimpli lögskráningarstjóra. Skipstjóra er skylt að afhenda skipverja sjóferðabók undirritaða, um leið og hann fer úr skiprúmi eða þegar lögskráning úr skiprúmi fer fram.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.